

Fundargerð – skólaráð, fyrsti fundur 16. Október 2018 klukkan 14:30-15:30

Farið yfir hlutverk skólaráðs, meðal annars að hlutverk ráðsins sé að framfylgja því að lögum og reglum sé fylgt eftir. Fara yfir skóladagatal, starfsáætlun og þess háttar. Þorgerður Anna fer yfir að þegar verið er að búa til skóla þá þarf að búa til allar áætlanir.

Starfsáætlun, Þorgerður segir frá hvað starfsáætlun er og biður um athugasemdir. Bent var á að laga þarf fjölda barna í öðrum bekk. Rætt um að meira líf þurfi á heimsíðu. Skipurit óskýrt og þjónar engum tilgangi, Þorgerður Anna ætlar að breyta því og útskýrir að þegar skólaráð er búið að samþykkja starfsáætlun þá fer áætlunin til skólanefndar. Óskað er eftir því að bæta við fleiri hlekkjum um efni þar sem rætt er um kennsluaðferðir.

Starfið í vetur. Búið að auglýsa eftir leikskóla starfsfólki og deildarstjóra og útskýrt með vöntun á deildarstjóra á Kjarri og hvernig Þórey Huld tók þann bolta tímabundið.

Fjallað um málefni grunnskólans og nýjar kennsluaðferðir og að vel gangi að innleiða og kennarar séu að ná viðmiðunarmörkum í aðferðunum. Starfið fer vel af stað, farið yfir hversu gott fólk er í húsi og að allir séu til í að leysa þau mál sem koma upp. Farið yfir gott gengi á yngsta stigi og mikilvægi og gleði með útiveru fyrst að morgni.

Endað á að sýna fulltrúum foreldra grunnskóla hluta byggingarinnar.

Önnur mál:

Þorgerður Anna segir frá Menntadegi 26. október næstkomandi.

Þorgerður segir einnig frá útboði á grunnskólahúsi og hvernig skila á húsinu næsta haust. Efri hæð verði til afnota í ágúst 2018. Leikskólinn verður líklega fullur næsta haust.

Fótboltavöllur er að verða tilbúinn.

Ræddar gönguleiðir að skólanum, göngustígur sem liggur ofan við Holtstíg ófrágenginn og hættulegt í kringum hann og mikil brekka fyrir neðan. Rætt um að foreldrafélag þrýsti á frágang. Akstur aðila á vinnusvæðum á göngustígum er einnig vandamál og skapar mikla hættu.

Logo Urriðaholtsskóla kynnt. Kynntar hugmyndir um að nota meiri lit og gera örlitlar breytingar og láta kjósa um endanlega útgáfu, bæði börn, starfsfólk og foreldra.

Fundinn sátu:

Sandra Guðmundsdóttir
Harpa Sjöfn Lárusdóttir
Guðmunda Valdimarsdóttir
Una Guðrún Einarsdóttir
Þórey Huld Jónsdóttir
Þorgerður Anna Arnardóttir